

FUNDARGERÐ

321. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs var haldinn 3. febrúar 2022

Í ljósi nálægðartakmarkana var fundurinn haldinn í fundaraðstöðu Samtaka iðnaðarins á 4. hæð Húss atvinnulífsins, Borgartúni 35, Reykjavík

Boðuð dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
2. Plastumbúðir
3. Hjólbarðar
4. Flutningsjöfnun
5. Fundur með ráðherra
6. Önnur mál

Fundinn sátu:

Magnús Jóhannsson, formaður (MJ),
Lárus M.K. Ólafsson, varaformaður (LÓ).
Áslaug Hulda Jónsdóttir (ÁJ),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Eygerður Margrétardóttir (EM),
Halldór Haraldsson (HaH),
Hildur Hauksdóttir (HiH),
Ólafur Kjartansson, framkvæmdastjóri (ÓK).

Benedikt S. Benediktsson ritaði fundargerð.

Samantekt ákvarðana fundarins:

1. Fundargerð 320. fundar stjórnar var samþykkt.
2. Skrifstofu falið að taka saman og senda stjórnarmönnum yfirlit yfir breytingar sem gerðar voru á fundargerðum stjórnarfunda dags. 18. nóvember, 1. desember og 16. desember 2021, þ.e. milli samþykktar á stjórnarfundi og útsendingar til undirritunar.
3. Skrifstofu falið að tryggja að endanleg útgáfa minnisblaðs sendinefndar vegna ferðar til Páryd verði send ráðherra.

4. Ákveðið var að Úrvinnslusjóður hætti að greiða endurgjald vegna urðunar hjólbarða.
5. Skrifstofu falið að yfirfara úrgangsflokka m.t.t. þess hvort unnt sé að fella niður endurgjald vegna urðunar. Minnisblað um yfirferðina verði lagt fyrir stjórn.
6. Ákveðið hækka endurgjald fyrir endurvinnslu hjólbarða í 70 kr./kg.
7. Skrifstofu falið að óska eftir nánari upplýsingum um uppsafnað magn dekkjakurls hjá Sorpu síðustu ár.
8. Skrifstofu falið að vinna drög að tillögum um breytingar á fyrirkomulagi flutningsjöfnunar upp úr úttekt VSÓ ráðgjafar.
9. Skrifstofu falið að leita til viðeigandi fagaðila um verkefnistillögu og kostnaðaráætlun vegna gerðar vinnustaðargreiningar.

Dagskrárliðir og umræður:

Fundur var settur kl. 08:44

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Drög að fundargerð 320. stjórnarfundar lágu fyrir á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs. Gerðardrögin voru samþykkt án athugasemda og verða send stjórnarmönnum til rafrænnar undirritunar.

MJ benti stjórnarmönnum á að eftir stæði rafræn undirritun þriggja fundargerðar stjórnar, dags. 18. nóvember, 1. desember og 16. desember 2021. EM benti á að gerðar hefðu verið breytingar á fundargerðunum á milli samþykktar á stjórnarfundum og útsendingar til rafrænnar undirritunar að beiðni stjórnarmanna. Óskaði EM eftir yfirliti yfir þær breytingar sem orðið hefðu. Var skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að taka yfirlitið saman og senda á stjórnarmenn.

HaH var boðinn velkominn til starfa í stjórn sjóðsins.

2. Plastumbúðir

Á fund stjórnarinnar komu gestirnir Guðlaugur Sverrisson (ÚRV) , Arngrímur Sverrisson (Terra) og Jón Frantzson (IGF). Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lágu fyrir drög að minnisblaði með heitið *Ferð til Páryd, 27 janúar 2022*.

Gestirnir gerðu stjórninni grein fyrir ýmsum atriðum sem komu fram í ferð þeirra til Páryd í Svíþjóð hinn 27 janúar 2022. Tilgangur ferðarinnar var að afla nánari upplýsinga um plastumbúðaúrgang frá Íslandi sem samkvæmt fréttáflutningi hafði dagað uppi í vöruskemmu. Í minnisblaðsdrögunum er m.a. gerð grein fyrir mati gestanna á magni plasts í vöruskemmum og þeirri meðhöndlun sem þeir telja að plastið hafi fengið.

Stjórnarmenn ræddu málið. MJ upplýsti að umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefði kallað eftir upplýsingum um það sem fram kom í ferðinni til Páryd. Minnisblaði gestanna verður komið í endanlegt horf og það sent ráðherra.

ÓK upplýsti um mögulegar breytingar á viðtökuaðilum plastumbúða frá íslenskum þjónustuaðilum og fjallaði stuttlega um kosti og galla breytinganna.

Stjórnarmenn ræddu stuttlega ferli afturköllunar staðfestingar ráðstöfunaraðila.

3. Hjólbarðar

MJ rakti umræður á síðasta stjórnarfundum og gerði grein fyrir fyrirleggjandi tillögu þess efnis að Úrvinnslusjóður hætti að greiða endurgjald vegna urðunar hjólbarða. Tillaga um að Úrvinnslusjóður hætti að greiða endurgjald vegna urðunar hjólbarða var samþykkt samhljóða.

ÓK benti á að tilefni væri til að yfirfara fleiri úrgangsflokka með það að leiðarljósi að ganga úr skugga um hvort réttlætandi þyki að greiða endurgjald vegna urðunar. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að ráðast í slíka yfirferð og skila stjórninni minnisblaði.

ÓK gerði grein fyrir forsendum tillögu um að hækka endurgjald fyrir endurvinnslu hjólbarða í 70 kr./kg. Tillagan var samþykkt samhljóða.

ÓK gerði grein fyrir samskiptum við Sorpu vegna upplýsinga í ársskýrslu 2020. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að óska eftir nánari upplýsingum um uppsafnað magn dekkjakurlis hjá Sorpu síðustu ár.

4. Flutningsjöfnun

Á rafrænni stjórnargátt Úrvinnslusjóðs lá fyrir skjal með heitið *Flutningsjöfnun jan. 2022*.

ÓK kynnti stjórnarmönnum niðurstöður og tillögur sem finna má í úttekt VSÓ ráðgjafar á fyrirkomulagi flutningsjöfnunar hjá Úrvinnslusjóði. Stjórnarmenn ræddu úttektina, m.a. upplegg við VSÓ við vinnuna. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að vinna drög að tillögum upp úr úttekt VSÓ ráðgjafar.

5. Fundur með ráðherra

MJ gerði stjórnarmönnum grein fyrir umræðum á fundi hans, LÓ og ÓK með umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

EM yfirgaf fundinn kl. 10:10.

Önnur mál

MJ upplýsti að hann legði drög að blaðagrein um framtíðarsýn úrgangsmála og Úrvinnslusjóð.

ÁHJ benti á að stjórn hefði rætt um mögulega þörf fyrir ráðningu fleiri starfsmanna til Úrvinnslusjóðs, álag á skrifstofu sjóðsins, ákvarðanir stjórnar um að fela skrifstofu að vinna ýmis gögn og áherslur stjórnar á að fyrir liggi verkferlar í starfsemi sjóðsins. Ákveðið var að fela skrifstofu Úrvinnslusjóðs að leita til viðeigandi fagaðila um verkefnistillögu og kostnaðaráætlun vegna vinnustaðargreiningar.

Tilkynnt var að 322. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs yrði haldinn 24. febrúar 2022 í Borgartúni 35.

Fleira var ekki gert á 321. fundi stjórnar Úrvinnslusjóðs og fundi slitið kl. 10:17.